

SVEITARSTJÓRN DALABYGGÐAR

Úr dagbók sveitarstjóra, framlagt
á 233. fundi þann 13. apríl 2023





Glæsileg árshátíð Auðarskóla !

- Ég vil koma á framfæri þökkum til nemenda og allra annarra sem komu að framkvæmd árshátíðar Auðarskóla.
- Við megum svo sannarlega vera stolt af okkar fólki og mikilvægt að við munum að skólinn er fjöregg hvers samfélags og mikilvægt að sem best sé stutt við alla starfsemi skólans á hverjum tíma.

- Sveitarstjórn samþykkti tillögu að aðalskipulagi Dalabyggðar 2020 til 2032 á fundi sínum þann 9. mars sl. Er skipulagið nú til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun og vonandi fær skipulagið formlega staðfestingu á næstu vikum. Það að klára vinnu við aðalskipulag er stór áfangi og margir sem hafa komið að þessu stóra verkefni og miklu vinnu. Vil ég þakka öllum hlutaðeigandi f.h. Dalabyggðar um leið og ég set fram ósk mína um að nýtt aðalskipulag verði samfélaginu okkar til framdráttar á komandi árum.
- Samið hefur verið í VSÓ Ráðgjöf um að sinna verkefnum skipulagsfulltrúa fyrir Dalabyggð, Reykhóla og Strandir tímabundið eða meðan unnið er að endurskipulagningu á starfinu. Það er Hlynur Torfi Torfason sem sinnir verkefninu og er hann með netfangið skipulag@dalir.is sem er sama netfang og skipulagsfulltrúaembættið hefur haft til þessa.





- Vinna við undirbúning og hönnun íþróttamannvirkja í Búðardal gengur vel og er stefnt að því að á næstu vikum ljúki þeirri vinnu og skilað verði inn gögnum til byggingafulltrúa og umsókn um byggingarleyfi. Aftur á móti er staðan á fjármálamörkuðum þannig að hægja þarf á upphafi framkvæmdarinnar sjálfrar, segja má að 11. og 12. hækkun stýrivaxta í á skömmum tíma hafi leitt til þessa.
- Þreyfingar og samtöl um fjármögnun halda engu að síður áfram og er nú unnið að gerð 10 ára rekstrar- og fjárfestingaráætlunar fyrir samstæðu Dalabyggðar til að undirbyggja aðgerðir í rekstri og framtíðar fjárfestingum enn styrkari stoðum en gert er í fyrirbyggjandi áætlunum.

- Dalabyggð sendi ítarlega umsögn um þær tillögur sem kynntar hafa verið um breytingar á úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Mjög skiptar skoðanir eru um þær tillögur sem liggja fyrir og ljóst að mjög miklar breytingar verða á framlögum, bæði til lækkunar og hækkunar, til margra sveitarfélaga. Hvað Dalabyggð varðar þá myndu þær breytingar sem lagðar hafa verið til þýða að framlög myndu lækka um 15 millj.kr. eða um 7,7% - og munar um minna.
- Umsóknafresti í 2. úthlutun frumkvæðisstyrkja á vegum DalaAuðs lauk nú um mánaðarmótin síðustu. 24 umsóknir bárust í þetta sinn og er það verulega ánægjulegt að sjá í verki þann mikla kraft og hugmyndaauðgi sem í Dalamönnum býr. Nú fer af stað úrvinnsla og er stefnt að því að úthlutun fari fram í byrjun júní.





- Vegamál - Það má segja að ákveðinn ótti hafi gert vart við sig í aðdraganda þess að fjármálaáætlun var kynnt af hálfu ríkisstjórnarinnar m.t.t. þess að ekki var búið að bjóða út vegakafla á Klofningsvegi sem er á dagskrá ársins. Forsvarsmenn Vegagerðarinnar hafa fullvissað okkur um að sá ótti sé ástæðulaus og á næstu vikum verði farið í útboð á tæplega 9 km. kafla. Það er ánægjuefni en engu að síður er það áhersla okkar að reynt verði eftir fremsta megni að lengja framkvæmdina eins og kostur er því í stóra samhengi þessarar leiðar sem um ræðir þá eru 9 km. ekki langur kafli. Vonandi verður hlustað á okkar raddir.



- Hér fyrr á fundinum voru samþykktir formlegir verkferlar fyrir byggðarráð og starfsmenn sem vinna skal eftir við gerð viðauka sem gera þarf við gildandi fjárhagsáætlun hverju sinni. Er þetta einn þeirra þátta sem endurskoðendur Dalabyggðar hafa bent á undanfarin ár í tengslum við endurskoðun hverju sinni.
- Áfram hefur verið fundað varðandi félagsþjónustu og tengdra málefna og nauðsynlegt að það fari að nást mynd á þá þjónustu því eins og ég hef áður sagt þá stöndum við á vissan hátt í skuld við samfélagið hvað félagsþjónustu varðar.

- Framhald var á samtali við Lögregluna á Vesturlandi vegna löggæslumála í Dalabyggð og tengdra þátta og beðið er fundar með dómsmálaráðherra vegna stöðunnar.
- Þessu tengt þá er rétt að geta þess að undirritaður tók við formennsku almannavarnanefndar Vesturlands í lok mars og er hafin vinna við að móta starf þeirrar nefndar í samstarfi við lögregluna á Vesturlandi og fulltrúa frá almannavörnum.





- Landsþing sveitarfélaga var haldið þann 31. mars sl. Landsþingið var fjölsótt og var umræðuefnið helst kjaramál í víðu samhengi og staðan á viðræðum um nýja kjarasamninga kynnt, einnig var umræða um málefni innflytjenda og þátt sveitarfélaga í því mikilvæga verkefni. Einnig voru Karli Björnssyni, fráfarandi framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, færðar verðskuldaðar þakkir fyrir hans góðu störf í þágu sveitarstjórnarstigsins á Íslandi undanfarna áratugi og vil ég hér taka undir þær þakkir til Karls og óska honum allrar farsældar á komandi tímum. Tilkynnt var síðan fyrir páska um hver yrði arftaki Karls í stól framkvæmdastjóra og er það Arnar Þór Sævarsson sem hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga. Arnar hefur starfað sem aðstoðarmaður mennta- og barnamálaráðherra frá árinu 2021 og aðstoðarmaður félags- og barnamálaráðherra á árunum 2018-2021 og þar á undan var hann bæjarstjóri Blönduósbæjar.



- Ungmennaráð hefur fundað tvisvar undanfarið ásamt undirrituðum ásamt formanni fræðslu nefndar og tómstundafulltrúa. Stefnt er að fundi ungmennaráðs og sveitarstjórnar í byrjun júnímánaðar.
- Undirritaður, ásamt formanni atvinnumálanefndar, fundaði með forsvarsfólki fjallskilaneftnda í Dalabyggð fyrir stuttu. Umræðuefnin voru m.a. gildandi fjallskilasamþykkt Dalabyggðar og hvort í henni væri eitthvað sem þarfnist endurskoðunar, rætt var um tímasetningu leita og rétta og um úrskurð umboðsmanns Alþingis og aðgerðir dómsmálaráðuneytis varðandi lausa göngu búfjár. Var þetta góður og gagnlegur fundur. Beðið er eftir minnisblaði frá lögfræðingum Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi stöðuna sem uppi er um lausa göngu búfjár í kjölfar fyrrgreinds úrskurðar umboðsmanns Alþingis og er ætlunin í kjölfar þess að það skilar sér að fundu aftur ef þurfa þykir.

- Þriðjudaginn 11. apríl sl. var gleðidagur hér í Dalabyggð en þá undirrituðu bændur á Miðskógi í Dölum og Reykjagarður hf. samstarfssamning um uppbyggingu kjúklingaeldis í Dalabyggð. Fyrst um sinn munu bændurn í Miðskógi byggja eldishús fyrir u.þ.b. 13.000 kjúklinga og mun Reykjagarður leigja af þeim húsið og kaupa þjónustu við eldið. Gert er ráð fyrir að ársframleiðslan geti numið allt að 180 tonnum og að starfsemi hefjist í lok þessa árs. Það er ánægjuefni að aukin fjölbreytni fáið í atvinnulífið okkar í Dölum og mun þessi nýja búgrein klárlega styðja við þann öfluga landbúnað sem þegar er stundaður í sveitarfélaginu okkar.





- Vorið er komið og eins og fyrr sagði Jörvagleðin okkar í Dölum á næsta leiti. Því ákváðum við að láta fara fram götusópun hér í þéttbýlinu í Búðardal í vikunni og á fundi sínum sl. þriðjudag samþykkti umhverfis- og skipulagsnefndin okkar að hvetja okkur íbúa til að fara út og plokka, þ.e. að fara út og týna rusl í okkar nærumhverfi þannig að bærinn okkar Búðardalur yrði sem snyrtilegastur þegar Jörvagleðin byrjar og sumarið hefst. Alþjóðlegi plokkdagurinn er í lok apríl ár hvert, nánar tiltekið þann 30. apríl nú í ár en við þjófstörtum má segja.
- Gámur fyrir almennt sorp verður settur utan við gámasvæðið og vil ég hvetja íbúa til að nota þann gám fyrir þann úrgang sem safnast í kringum plokkið okkar. Jafnframt vil ég nota tækifærið til að hvetja íbúa sem og fyrirtæki og stofnanir til að huga að sínu nærumhverfi og snyrta vel til nú þegar sumarið er á næsta leiti, allt skiptir þetta máli fyrir ásýnd okkar góða samfélags.

Menningar- og listahátíð Dalabyggðar

**15.-23. APRÍL
2023**

Það eru margþætt viðfangsefni hjá okkur í Dalabyggð og er hér aðeins stiklað á stóru og alls ekki hægt að nefna allt sem inn á borð okkar starfsmanna Dalabyggðar kemur. Margt er háð trúnaði sem ber að virða.

Við gerum okkar besta til að miðla fréttum af því sem er á döfinni hverju sinni og af nógu er að taka sem betur fer. Verkefni eru mörg og langflest skemmtileg þannig að við horfum björtum augum fram á veginn nú þegar vorið og sumarið er farið að láta á sér kræla.